



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2020

GRTE1FA05 Grunnteikning 1

Kennari	Óskar G Jónsson	Sk.st.	ÓGJ
Kennar	Svanur Ingvarsson	Sk.st.	SI

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur öðlist almenna undirstöðuþekkingu og þjálfun í teiknifræðum. Áfanginn skiptist í tvo megin efnisþætti. Í fyrsta efnisþætti er fjallað um fallmyndun og þeim seinni ásmyndun og fríhendingsteikningu. Í áfanganum er gert ráð fyrir að nemendur öðlist færni í meðferð og notkun mæli- og teikniáhalda, myndrænni vinnu með viðfangsefni starfsgreina, lestur teikninga og fái grunnþjálfun í gerð vinnuteikninga og þrívíðra rissteikninga. Áfanginn er undirbúningur fyrir áframhaldandi nám í teiknifræðum og lestri vinnuteikninga.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Teikniáhöldum og notkun þeirra
- Teiknitáknum og notkun þeirra
- Lestri teikninga

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Meðferð og notkun mæli- og teikniáhalda
- Lestri teikninga
- Gerð grunnatriða vinnuteikninga
- Gerð fallmynda
- Gerð ásmynda
- Gerð þrívíðra rissteikninga

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Velja teikniáhöld, línugerð og tákni til að vinna fallmyndir og þrívíðar myndir samkvæmt fyrirráðum, bæði með teikniáhöldum og fríhendis

Námsefni:

Grunnteikning 1 (mappa með teikniverkefnum og skýringum)

T-reglustrika – 40 cm.

Teiknihorn – 45° og 60°

Sirkill

Gráðubogi

Blýantar eða blýpennar 0,5 mm eða 2 mm. 2H og 4H

Línuveiðari

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Merkið hverja teikningu með nafni og dagsetningu með penna. Að því loknu kvittar kennari í viðkomandi reit neðst á hverri teikningu.

Áður en byrjað er á verkefnum og jafnhliða því sem þau eru unnin, er áriðandi að kynna sér skýringarnar sem eru á undan verkefnunum.

Vika	GRTE1FA05 – Verkefni haust 2020
1. vika 24. - 28. ágúst	Fallmyndun verkefni 1-2-3-4-5-6-7
2. vika 31. - 4. sept	Verkefni : 8-9-10-11-12-13-14-15
3. vika 7. - 11. sept	Verkefni : 16-17-18-19-20 Skilaverkefni 1
4. vika 14. - 18. sept	Verkefni: 21-22-23-24-25-26-27-31-32-33
5. vika 21. – 25. sept	Verkefni: 34-35-36-40-41-42

6. vika 28. – 2. okt	Verkefni: 43-45-46-48-50-51-52-53	Skilaverkefni 2
7. vika 5. – 9. okt	Verkefni: 54-55-56-58-59-60-61	Miðannarmat
8. vika 12. – 16. okt	Verkefni: 62-64-65-66-68	Áfangamessa 14. okt. Verkefnadagar 15.-16 okt.
9. vika 19. – 23. okt	Verkefni: 69-71-72-74-75-76	Valdagur 21.okt.
10. vika 26. – 30. okt	Verkefni: 77-78-79-81-82-83	Skilaverkefni 3
11. vika 2. – 6. nóv	Ásmyndun og fríhendisteikning Verkefni: 1-2-3-4-5	
12. vika 9. – 13. nóv	Verkefni: 6-7-8-9	Skilaverkefni 4
13. vika 16. – 20. nóv	Verkefni: 10-11-12-13-14	
14. vika 23. – 27. nóv	Verkefni: 15-16-17-18 - 19	Skilaverkefni 5
15. vika 30. – 4. des	Verkefni: 20-21-22-23	Síðasti kennslud. 4. des.
16. vika 7. – 11. des	Námsmat	
17. vika 14. – 18. des	Mán.-sjúkrapróf, þri.-birting námsmats	
18. vika #. – #. des	Laugardagur 19. des. Brautskráning	

Sérreglur áfangans:

Til að standast áfangann þarf nemandi að hafa skilað öllum skilaverkefnum og lokið a.m.k. 80% af tilskyldum verkefnum möppunnar og kennari samþykkt þau.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Mappa	Símat á öllum tilskyldum verkefnum möppunnar	50%
Skilaverkefni	Skilaverkefni og/eða próf af og til alla önnina	50%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.